



Spáum 3,4% verðbólgu í júní

Hagstofan birtir júnímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) miðvikudaginn 26. júní. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,4% hækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan úr 3,6% í 3,4%.

VNV hækkaði um 0,21% milli mánaða í maí. Þetta var í samræmi við væntingar, en opinberar spár lágu á bilinu +0,1% til +0,2%. Við höfðum spáð +0,1%.

Helstu undirlíðir:

- Samkvæmt verðkönnun okkar lækkaði verð á **bensíni og díselolíu** um 1,3% milli maí og júní.
- Við gerum ráð fyrir árstíðarbundinni hækkun á **flugfargjöldum til útlanda**. Við búumst við nokkuð meiri hækkun milli mánaða en í fyrra. Gangi spá okkar eftir verður næstum 15% dýrara að fljúga til útlanda í júní 2019 en í júní 2018.
- Verð á **fötum og skóm** hækkar alla jafna smávegis milli mánaða í júní, rétt fyrir sumarútsölnurnar.
- **Húsgögn og heimilisbúnaður** lækkar oftast tímabundið milli mánaða í júní. Meðal annars hefur verð á sængum og borðbúnaði lækkað milli mánaða í júní seinustu ár.

Spá okkar nú er 0,1 prósentustigi lægri en bráðabirgðaspá okkar frá því í maí þegar við spáðum 0,5% hækkun milli mánaða. Skýrist breytingin af því að bensín hefur lækkað milli mánaða. Á móti vegur að krónan hefur veikst síðan þá, en verð á evru hefur hækkað um 2,7% milli mánaða og verð á Bandaríkjadal um 1,7%.


Búumst við 3,8% verðbólgu í september

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Júlí: +0,0% milli mánaða, 3,3% ársverðbólga
- Ágúst: +0,5% milli mánaða, 3,6% ársverðbólga
- Sept.: +0,4% milli mánaða, 3,8% ársverðbólga

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Bensín og díselolía	3,6%	-1,3%	-0,05%
Húsgögn og heimilisb.	5,3%	-0,9%	-0,05%
Tómst. og menning	9,9%	-0,3%	-0,03%
Póstur og sími	1,8%	-0,8%	-0,01%
Heilsa	4,0%	-0,1%	-0,01%
Menntun	0,4%	0,0%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,1%	0,00%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	0,0%	0,00%
Matur og drykkjarv.	13,3%	0,1%	0,01%
Aðrar vörur og þjónusta	6,6%	0,1%	0,01%
Hótel og veitingast.	5,8%	0,5%	0,03%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,2%	0,03%
Kaup ökutækja	5,7%	0,6%	0,03%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,0%	0,5%	0,07%
Föt og skór	4,3%	2,5%	0,11%
Flugfargjöld til útlanda	1,5%	18,8%	0,29%
Alls	100,0%		0,44%

Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir varðandi spá okkar um breytingu milli mánaða í júní og bráðabirgðaspá okkar til næstu þrjá mánaða er:

1. Undirliggjandi verðbólguþrýstingur

Það er ýmislegt sem bendir til þess að verðbólgan sé orðin almennari hér á landi og að undirliggjandi verðbólguþrýstingur sé að aukast. Þannig hafa um 80% undirliða VNV hækkað seinustu 12 mánuði, en þetta hlutfall fór lægst í 50% fyrir um 2 árum. Þá hefur munur á kjarnavísitölum og heildarvísitölnni dregist saman.

2. Gengi krónunnar

Frá fyrstu viku aprílmánaðar hefur krónan veikst jafnt og þétt. Verð á evru er komið yfir 140 krónur, en var lægst 133 krónur fyrstu vikuna í apríl. Seðlabankinn hefur þrjá daga gripið inn í á gjaldeyrismarkaði og selt evrur á móti veikingunni, seinast á föstudaginn 7. júní þegar hann seldi 6 milljón evrur. Verði áframhald á þessari veikingu mun það skila sér í aukinni verðbólgu.


3. Bensín

Heimsmarkaðsverð á olíu lækkaði seinasta mánuð og er heimsmarkaðsverð á Brent-olíu að nálgast 60 Bandaríkjadali fatið. Orkan og Atlantsolía hafa lækkað verð á bensíni umfram þá lækkun heimsmarkaðsverðs skýrir, en einungis á einum eða tveimur bensinstöðvum hvort félag. Til að hafa teljandi áhrif á vísitölu neysliverðs þurfa þessar lækkanir að verða almennari, þ.e. á fleiri bensinstöðvum.

4. Flugfargjöld til útlanda


Síðustu ár hefur Hagstofan byggt verðmælingar sínar á flugi til útlanda á verði farmiða hjá Icelandair og WOW air. Hlutdeild WOW air var um þriðjungur af vísitölnni. Hagstofan áætla að taka inn í mælingu sína flug með erlendum flugfélögum í stað WOW air. Það er nokkuð óvissa um hvaða áhrif þetta mun hafa á mælingar Hagstofunnar. Einnig er óvíst hvaða áhrif minni samkeppni mun hafa á flugfargjöld en líkast til verða þau til hækkunar. Eftir brotthvarf Wow air situr Icelandair nú eitt eftir á markaðnum í beinu flugi til lykiláfangastaða frá Íslandi.

Mánaðarbreyting VNV í júní



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþrýstingur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



5. Hótel og veitingarstaðir

Seinustu ár hefur verð á hótél og veitingastöðum hækkað umtalsvert yfir sumarmánuðina. Nú stefnir hins vegar í fækkun ferðamanna og meðalnýting hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu hefur minnkað. Þannig var nýting hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu í apríl 56% í samanburði við 66% nýtingu sama tímabili í fyrra og 80% nýtingu í apríl 2017. Þetta kann að hafa áhrif á verðlagningu á gistirými í sumar sem yrði þannig í ósamræmi við þá verðlagningu sem viðgengist hefur síðustu ár.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.